

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/22**  
**komudagur 30.10.2009**

**Ríkissaksóknari**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. október 2009.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent embættinu til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), 16 mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið er það samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Frumvarpið hefur verið lagt fram þrívægis áður en ekki hlotið afgreiðslu. Það er því lagt fram á ný þar sem tekið er mið af athugasemdum og breytingartillögum allsherjarnefndar frá sl. vetri eins og þar segir.

Fram kemur í athugasemdum að við samningu frumvarpsins hafi verið leitað umsagnar ríkissaksóknara og að tekið hafi verið tillit til athugasemda og ábendinga embættisins við lokafrágang þess. Með vísan til þessa er lýst yfir stuðningi við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
Valtýr Sigurðsson

